

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# STARFSLEYFI

**N1 ehf Tálknafirði**

4110033370

Til að starfrækja Bensinstöð sjálfvirk

Heimilisfang:  
Strandgata 36  
460 Tálknafjörður

Nafn rekstraraðilar: Páll Örn Líndal

Kennitala rekstraraðila: 2205674279

**Útgáfudagur: 12. september 2019    Gildir til: 12. september 2031**


Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin þarf auk þessa að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi, einkum IV kafla um afgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum fyrir bensinstöð:

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



Bolungarvík 13.12 2019

N1 ehf Tálknafirði  
Dalsvegur 10-14  
201 Kópavogur

## Starfsleyfi fyrir: Bensínstöð sjálfvirka

Á fundi sínum þann 12. september 2019 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir N1 ehf Tálknafirði fyrir bensínstöð sjálfvirka Starfsleyfið gildir til 12. september 2031. Í samræmi við gjaldskrá fyrir matvæla- heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 1. mars 2019 nr. 254 er árlegt eftirlitsgjald kr 42. 642 miðað við eftirlitsheimsókn árlega.

Starfsleyfisgjald er kr 21. 321 Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 og 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi

Skv. 65. gr laga 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála fer skv lögum nr. 130/2011. Kæra til Úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllst



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi

## Starfsleyfisskilyrði fyrir Bensínstöð

N1 ehf.  
Tálknafjörður  
(lögheimili Dalvegi 10-14)  
Kt.: 411003-3370

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir N1 ehf., kt. 411003-3370, til reksturs bensínstöðvar Strandgötu 36, 460 Tálknafirði. N1 ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

#### 1.2 Gildissvið

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin þarf auk þessa að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í reglugerð nr. 884/2017 um olíumengun frá starfsemi í landi, einkum IV kafla um afgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti.

Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi. Gildistími starfsleyfis er skráður í leyfisbréf. Starfsleyfið gildir fyrir byggingar og búnað sem samþykktar eru af viðkomandi bygginganefnd auk reksturs bensínstöðvarinnar. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur eða húsnæði

#### 1.3 Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við viðauka X, í reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018,